

Foreldraráð Núps 2014-2015

3. fundur 18.02.15

Mættar: Svana Kristinsdóttir, Rebekka Gylfadóttir, Hólmfríður Óskarsdóttir, Aníta Ólafsdóttir, Guðbjörg Þorsteinsdóttir, Hildur Jónsdóttir og Ingunn Högnadóttir.

Dagskrá: Ýmiss málefni leikskólans

Í byrjun fundar var rædd erfið staða undanfarnar vikur vegna veikinda starfsmanna. Þá voru ræddir tölvupóstar sem Svana, leikskólastjóri, hefur verið dugleg að senda á foreldra til að upplýsa þá um stöðuna, sérstaklega m.t.t. mannekle á hverjum tíma. Þá var rætt um nýja námskrá, sem er tilbúin og verður birt á heimasíðu leikskólans þegar foreldraráð hefur lesið hana yfir.

Rætt var um þá ákvörðun foreldraráðs, sem tekin var á síðasta fundi, að kanna hvort mötuneyti leikskólans sé að fá nægt fjármagn í að elda hollan og góðan mat fyrir börnin, en sú vinna hefur ekki enn farið af stað. Rætt um mögulegt samstarf við aðra leikskóla í Kópavogi og úttekt næringarfræðings á matseðli.

Þá er rædd hljóðvist í leikskólanum og sá mikli hávaði sem vill verða í daglegu starfi. Kópavogsbær mældi endurómun í húsnæðinu fyrir 2-3 árum og voru niðurstöður þær að hljóðvist væri innan eðlilegra marka. Leikskólastjóri fékk þó aldrei tölulegar upplýsingar úr mælingu þrátt fyrir ítrekaðar beðnir.

Rætt var um að taka eitt mál fyrir í einu og voru Svana, Rebekka og Hólmfríður sammála um að hljóðvistarmálin gengu fyrir. Því var ákveðið að foreldraráð myndi hafa samband við Kópavogsbæ til að fá tölulegar upplýsingar um endurómsmælingar, auk þess að biðja um hávaðamælingu í leikskólanum þegar starfsemi er í gangi, helst milli 10-11 á morgnanna þegar starfsmönnum finnst kliðurinn sem mestur. Þá mun foreldraráð ganga í að fá hávaðamæli til að gera mælingar á hávaðatoppum í daglegu starfi. Einnig verður haft samband við Leikskólann Dal til að fá upplýsingar og ráðleggingar varðandi úrbætur á hljóðvist, en þar var farið í gagngerar endurbætur á þessu sviði fyrir nokkrum árum með góðum árangri.

Fundi lauk kl. 17:05

Ingunn Högnadóttir ritaði fundargerð fyrir hönd foreldraráðs.